

Ársskýrsla Maríuhúss 2017

Skjólstæðingar

Maríuhús er með leyfi fyrir 22 skjólstæðinga dag hvern.

Á árinu 2017 voru 56 einstaklingar sem nýttu sér þjónustu Maríuhúss, 24 karlar og 32 konur. Af þeim bjuggu 32 með maka eða barni en 24 bjuggu einir. Meðalaldur þeirra var 82,4 ár (61 til 95 ára).

Meðaldvalartími þeirra sem útskrifuðust á árinu var 21,5 mánuðir en sá sem var styst var rúma 4 mánuði en sá sem var lengst hafði verið í rúman 61 mánuð, 5,1 ár.

Um áramót 2017/2018 var 31 einstaklingur skráður í Maríuhús. Þeir koma 2 til 5 daga í viku. Fjórtán skjólstæðingar fá aðstoð við böðun, einu sinni til tvisvar í viku. Átján skjólstæðingar fara með okkur í sund einu sinni í viku. Tveir herrar fá daglega aðstoð við rakstur og einn skjólstæðingur fær hvatningu og aðstoð við tannburstun. Einnig er fjórum skjólstæðingum veitt regluleg aðstoð við að skipta um innlegg/bleyjubuxur.

Ellefu skjólstæðingar fá aðstoð við lyfjatöku.

Heimaþjónustan/heimahjúkrun hefur sinnt 25 af skjólstæðingum Maríuhúss á árinu. Það er meðal annars aðstoð við athafnir daglegs lífs, lyfjagjafir og eftirlit/stuðningur.

Átta skjólstæðingar fengu færni og heilsumat á árinu og sjö útskrifuðust héðan í biðpláss á spítala.

Nánari tölulegar upplýsingar og samanburður frá árinu 2012 er hér aftast.

Starfsmenn

Á árinu varð breyting í starfsmannahópnum. Starfsmaður lét af störfum 1. maí. Ákveðið var að ráða ekki í hennar stöðu fyrr en eftir sumarfrí. Starfsmaðurinn sem var ráðinn í hennar stað hætti við á síðustu stundu og því kom ekki fastur starfsmaður fyrr en í byrjun nóvember.

Starfsmaður sem hafði verið í barnseignarfríi ákvað að snúa ekki til baka.

Sjúkraliði sem var í 90% starfi minnkaði það niður í 80% frá 1. ágúst.

Þrjár sumarafleysingastarfsmenn voru hjá okkur í sumar og ein þeirra kom í 30% vinnu í haust til að brúa bil á milli fastráðinna starfsmanna.

Í upphafi árs voru 7 starfsmenn í 6,5 stöðugildum en í lok árs voru 7 starfsmenn í 6,4 stöðugildum.

Nú um áramót starfa í húsinu hjúkrunarfræðingur, þroskaþjálfari, iðjuþjálfari, sjúkraliði með sérnámi í öldrun, sjúkraliði, félagsliði og almennur starfsmaður.

Forstöðumaður hóf meistaranám í hjúkrun haustið 2015 og fékk leyfi stjórnar til að vera allt að 20% í námsleyfi. Á vorönn reyndist það 7,7% og haustönn ekki neitt.

Starfsdagar hússins voru nýttir í skipulag, undirbúning á virkni og fræðslu en allur hópurinn fór til dæmis á námskeið um samskipti á vinnustað, námskeið um tónlist og námskeið um

listir sem meðferð í starfi með fólki með heilabilun og á málþing heilabilunareiningar LSH þar sem fjallað var um heilabilunarsjúkdóma og nýjungar í umönnun. Í lok maí höfðum við lokað heilan dag og sex starfsmenn fóru til Glasgow þar sem skosku Alzheimersamtökin tóku á móti okkur. Við fengum kynningu á starfsemi þeirra og hittum fulltrúa bæði fólks með heilabilun og aðstandenda. Í Skotlandi er virkur "working group" hópur, en í honum er fólk með heilabilun sem hittist reglulega. Það var mjög áhugavert að spjalla við meðlimi úr þessum hópi sem að fær að koma að stefnumótun varðandi þjónustu og fleira. Við skoðuðum líka sérhæfða dagþjálfun og Bridgeton Dementia Service Center sem er ráðgjafamiðstöð þar sem fólk með heilabilun og aðstandendur þeirra geta komið til að fá upplýsingar, stuðning og ráðgjöf. Einnig er þar úrræði fyrir fólk sem greinist yngra en 65 ára. Við fórum líka í skoska fótboltasafnið en þar er spennandi verkefni í gangi fyrir fólk með heilabilun, boðið upp á heimsóknir í safnið og það hafa verið búin til myndaspjöld, ekki bara með fótboltamönnum heldur líka gömlum leikurum. Starfsfólk safnins fer svo í heimsóknir til þeirra sem ekki komast á safnið. Þetta var verulega vel heppnuð ferð, bæði fróðleg og skemmtileg. Við höfðum ekki starfsdaga í sumar.

Okkur var boðið í Eirberg eftir vinnu einn daginn þar sem við fengum kynningu á ýmsum hjálpartækjum sem nýtast í starfi með fólki með heilabilun.

Iðjubjálfi og þroskabjálfi fóru á Alzheimer Europe ráðstefnu til Berlínar í október.

Ráðstefnan var yfirskriftina Care today, cure tomorrow.

Nemar

Það er alltaf eitthvað um nemaheimsóknir. Hjúkrunarfræðinemar koma og fá kynningu á starfsemi í tengslum við öldrunarhjúkrunarnámskeið. Sjúkraliðanemar úr Fjölbrotaskólanum í Breiðholti komu líka og fengu kynningu. Félagsliðanemar komu í stutta upplýsingasöfnun vegna ritgerðaskrifa. Þroskabjálfanemar komu til okkar í kynningu bæði á vorönn og haustönn. Áhuginn á að kynna sér sérhæfða dagþjálfun var það mikill hjá þroskabjálfanemunum að þau þurftu að koma í þremur hollum í vor og svo komu tveir hópar í haust.

Iðjubjálfinn okkar er að vinna í því að Maríuhús verði líka tilboð fyrir vettvangsnám iðjubjálfanema.

En það er líka starfsfólk annarra stofnana sem hefur áhuga á að kynna sér starfið hjá okkur, við fengum heimsóknir frá þroskabjálfum úr Lækjarási, iðjubjálfa frá Eir, starfsfólki Vitatorgs og starfsfólki Borgasels.

Ytri þjónusta

Kjartan og Þórunn sjá um akstur fyrir Maríuhús eins og áður. Á árinu hefur 51 skjólstæðingur nýtt sér aksturþjónustu. Kópavogur sá um akstur fyrir einn skjólstæðing sem bjó í Kópavogi.

Jón G. Snædal, öldrunarlæknir á Landakoti hefur komið einu sinni í viku í Maríuhús og sinnt skjólstæðingum okkar á fjölbreyttan hátt. Í haust varð breyting á og Helga Eyjólfsdóttir, sem einnig er öldrunarlæknir á Landakoti tók við af Jóni.

Það kemur fótaaðgerðarfræðingur í Maríuhús eftir þörfum og sinnir skjólstæðingum okkar sem þess óska. Það kom svolítið hlé á þá þjónustu í sumar þegar sú sem var hjá okkur hætti en í haust fengum við fótaaðgerðafræðing sem er mikil ánægja með. Einnig kemur hárgreiðslukona í húsið eftir þörfum.

Skjólstæðingarnir borga sjálfir fyrir fótaaðgerð og hárgreiðslu en það sparar mikið skatl fyrir aðstandendur að geta fengið þessa þjónustu hér í húsinu.

Fjórir skjólstæðingar fengu á árinu heimasjúkraþjálfun hingað í Maríuhús.

Sólar sér um þrif í Maríuhúsi og þau koma þrisvar í viku.

Aðstaða

Reykjavíkurborg leggur til húsnæði Maríuhúss. Í nýjum samningi á haustdögum 2016 var tekið fram að borgin legði til húsnæðið fyrir borgarbúa og því ljóst að ekki verður hægt að veita íbúum nágrannasveitafélaga þjónustu eins og áður hefur verið. Á árinu voru tveir skjólstæðingar hjá okkur úr Kópavogi en þeir voru báðir útskrifaðir um áramót, annar á hjúkrunarheimili en hinn í biðpláss á Landspítala.

Reykjavíkurborg hefur sinnt viðhaldi á húsnæðinu en engar stórfamkvæmdir voru á árinu. Enn er eftir að skipta um lélega glugga og það hefur verið á dagskrá að pússa og lakka allt parkett á efri hæðinni í fimm ár. Það bíður enn fjármagns.

Talsvert autt svæði (gras og stétt) eru á bak við húsið. Við höfum alltaf drauma um að geta nýtt það betur, til dæmis með því að útbúa púttvöll. Stór pallur með skjólvegg myndi líka gera mikið, þá væri líka hægt að hafa meira opið út án þess að við hefðum áhyggjur af að einhver rati ekki til baka til okkar.

Við nýtum svæðið ekki mikið eins og það er, helst til að spila Kubb eða slík spil og eins erum við með fjögur fiskikör þar með mold fyrir ræktun.

Starfið

Í Maríuhúsi leggjum við megináherslu á að sinna skjólstæðingum okkar og aðstandendum þeirra af alúð og virðingu. Við virkjum skjólstæðinga okkar eftir besta megni til að viðhalda og efla líkamlega, vitræna og félagslega færni þeirra.

Við leggjum áherslu á að virkni fari fram í minni hópum því skjólstæðingahópur okkar nýtur sín betur þannig. Við eflum líkamlega færni með stólaleikfimi og gönguferðum, við eflum félagslega færni með samveru og við eflum vitræna færni með bæði iðju eins og kertagerð, þæfingu, málun, mósaík, smíðum og fleira. En einnig ýmsri hugarleikfimi; við lesum bækur, tölum um ferðalög, spilum ýmis spil og svo mætti lengi telja.

Skjólstæðingar okkar aðstoða okkur við eldhúsverkin, leggja á borð, baka með okkur og vaska upp, þannig fá þeir hlutverk og þjálfun sem nýtist þeim heima.

Þroskaþjálfari hússins heldur utan um Sólskinsklúbb í anda Sparkle of life hugmyndafræðinnar sem að Jane Verity stendur á bak við. Hún, ásamt öðrum starfsmanni, sjá um vikulegan

klúbb sem í er hópur af þeim skjólstæðingum sem er hvað lengst gengnir í sínum heilabilunarsjúkdómi. Við höfum séð fólk blómstra eftir að hafa byrjað í Sólskinsklúbbnum. Það stóð til að halda námskeið fyrir fleira starfsfólk hússins og vonandi getur einhverntímann orðið af því.

Við höfum áfram tekið þátt í verkefninu Listir og menning sem meðferð. Listasafn Íslands býður skjólstæðingum okkar að koma, ásamt aðstandanda, í leiðsögn á listasafnið einu sinni í mánuði. Þeir skjólstæðingar sem hafa áhuga og eiga aðstandanda sem getur tekið þátt í þessu með þeim, eru velkomnir. Það hafa verið að fara á bilinu 4 til 7 skjólstæðingar í hvert sinn. Mikil ánægja er hjá öllum með þetta verkefni.

Magnea Tómasdóttir, söngkona hefur komið reglulega og leitt söngstundir ásamt píanóleikara. Hún virkjar skjólstæðinga til þátttöku með ýmsum hristum og litlum trommum.

Prestur og/eða djákni Bústaðakirkju, ásamt organista, koma mánaðarlega yfir vetrartímann og leiða helgistund. Tvisvar á ári förum við þó til þeirra, á vorin er okkur boðið í grillaðar pylsur og fyrir jólin er kökuhlaðborð í safnaðarheimilinu.

Við höfum fengið fjölda gesta í húsið á árinu; rithöfundar, tónlistarfólk og dansarar hafa glatt okkur með nærveru sinni og í mörgum tilfellum kemur fólk til okkar án endurgjalds sem er ómetanlegt.

Við höfum einnig farið úr húsi. Við fórum upp í Hvalfjörð seint í vor að kíkja á sauðburðinn, það vekur alltaf jafn mikla gleði. Sumarferðin okkar var farin í september og farið var á Hvolsvöll þar sem við skoðuðum Eldfjallasetrið og svo heimsóttum við fyrrverandi starfsmann Maríuhúss í Landeyjarnar þar sem við drukkum kaffi og nestið okkar. Við höfum einnig farið á tónleika, í bíó og áfram mætti telja.

Við höfum undanfarin ár boðið mökum að taka þátt í ýmsu með okkur, bjóðum þeim alltaf á Litlu jólin og Þorrablót og einnig í sumarferðina í ágúst/september. Það er gaman að segja frá því að þátttaka maka er alltaf góð og mikil ánægja er með þessa daga.

Stór þáttur í starfi okkar er fjölskylduhjúkrun en aðstandendur eru þeir sem gera skjólstæðingum okkar kleift að búa heima sem lengst og þeir þurfa á öllum þeim stuðningi, sem í boði er, að halda til að geta hugsað um ástvin sinn. Í sameiningu geta dagþjálfun og aðstandendur unnið kraftaverk.

Við aðstoðum fólk við að meta hvenær þörf er á meiri aðstoð (í Maríuhúsi eða frá félags eða heimþjónustu). Við ráðleggjum hvíldarinnlagnir á hjúkrunarheimili og aðstoðum fólk í því ferli. Á árinu fóru 8 skjólstæðingar í hvíldarinnlögn, einn þeirra fór tvisvar. Dvöl þeirra var á bilinu 1 til 4 vikur, að meðaltali 2,2 vikur.

Einnig veitum við stuðning þegar kemur að því að sækja um varanlega dvöl á hjúkrunarheimili fyrir viðkomandi en það geta verið þung skref fyrir alla.

Markmið okkar fyrir komandi ár er að halda áfram því góða starfi sem hér er unnið svo að skjólstæðingar okkar geti búið sem lengst heima, við sem besta heilsu og aðbúnað.

Reykjavík, 22. febrúar 2018

Ólína Kristín Jónsdóttir
hjúkrunarfræðingur og forstöðumaður Maríuhúss

	2017	2016	2015	2014	2013	2012
Fjöldi skjólstæðinga	56	47	40	45	42	46
Innskriftir	28	22	16	20	17	22
Útskriftir	25	19	15	21	17	21
Meðalbiðtími eftir innskrift	8,0 mán	10,8 mán	8,9 mán	8,1 mán	8,1 mán	9,0 mán
mest	28,5 mán	36,3 mán	29,6 mán	24,1 mán	21,2 mán	20,1 mán
minnst	0,3 mán	0,4 mán	1,5 mán	2,6 mán	4,2 mán	2,9 mán
Meðaldvalartími útskrifaðra	21,5 mán	19,2 mán	17 mán	16,6 mán	20,7 mán	19,7 mán
mest	61,6 mán	52,6 mán	28 mán	40,4 mán	52,8 mán	47,3 mán
minnst	4,1 mán	2,8 mán	5,7 mán	4,1 mán	3 mán	3,2 mán
Meðalaldur	82,4	83,3	81,2	78,4	77,5	79,3
Konur	32	23	22	20	19	25
Karlar	24	24	18	25	23	21
Búa einir	24	15	12	16	18	17
Fá heimaþjónustu	25	20	15	16	19	25
Fóru í hvíldarinnlögn	8 (9 innlagnir)	11 (19 innlagnir)	10 (18 innlagnir)	11	13	15
meðaltími í hvíld	2,2 vikur	2,2 vikur	2,8 vikur	3,3 vikur	4,25 vikur	3,25 vikur
Notfæra sér akstursþjónustu	51	44	38	41	37	40
Fengu Færni og heilsumat	8	16	11	9	13	11
Meðalbiðtími eftir hjúkrunarrými	3,6 mán	4,9 mán	2,3 mán	3,2 mán	3,2 mán	3,9 mán
mest	7,5 mán	27,7 mán	6,8 mán	7,2 mán	6,6 mán	7,6 mán
minnst	0,5 mán	0,7 mán	0,2 mán	0,2 mán	0,9 mán	1,1 mán
Sjúkrahúsinnlagnir	15 (11 skjólst)	7 (7 skjólst)	11 (8 skjólst)	11 (9 skjólst.)	13 (10 skjólst.)	17 (15 skjólst.)
Útskrift á spítala	7	3	5	6	3	6
Andlát (heima eða á spítala)	0	0	1	2	0	4
2015 Fimm skjólstæðingar voru minna en 2 mánuði og eru ekki taldir með í meðaldvalartíma.						
Af þessum 5 sem voru styttra fóru 2 í biðpláss á LSH, 1 neitaði að koma, 1 fékk hjúkrunarrými og 1 dó						
2016 Fjórir skjólstæðingar voru minna en 2 mánuði og eru ekki taldir með í meðaldvalartíma						
Af þessum 4 sem voru styttra fór 1 í almenna dagþjálfun, 1 í biðpláss á LSH og 2 neituðu að vera						
2017 Níu skjólstæðingar voru minna en 2 mánuði og eru ekki taldir með í meðaldvalartíma.						
Af þessum 9 sem voru styttra flutti 1 í sambýli en 8 neituðu að vera hér.						